

Ritstjórnargrein

Fræðslu- og menntunarmál lækna

Að fræðslu- og menntunarmálum lækna koma auk læknadeildar Háskóla Íslands, Framhaldsmenntunarráð læknadeildar, fræðslu- nefndir þeirra stofnana sem lækna starfa á, sérgreinarfélög lækna og Fræðslustofnun lækna. Læknadeild Háskóla Íslands tekur að sér að mennta stúdenta, svo úr verði læknakandidatar. Framhaldsmenntunarráð læknadeildar annast fræðslumál nýútskrifaðra læknakandidata með skipulagningu á námi sem krafist er til veitingar lækningaleyfis og hefur Framhaldsmenntunarráð hin síðari misseri gefið sig að fræðslu- og menntunarmálum deildarlækna, fyrst og fremst með það að leiðarljósi að tengja vinnu þeirra fræðslu er nýtist sem upphaf sérnáms, sem er fram haldið erlendis, eins og raunin er meðal flestra íslenskra lækna. Um viðhaldsmenntunarmál lækna, eftir að námi í læknadeild lýkur, er lítið vitað annað en það að læknum ber að sinna símenntun, samanber læknalög, III kafla, 9 gr.

„Lækni ber að sinna störfum sínum af árvækni og trúmennsku, halda við þekkingu sinni og fara nákvæmlega eftir henni“.

Á aðalfundi Læknafélags Íslands í Borgarнесi, haustið 1997 voru lagðar fram tillögur að reglugerð fyrir Fræðslustofnun lækna en í þeim var kveðið á um hlutverk og starfssvið Fræðslustofnunar lækna sem talið var það helst að styrkja viðhaldsmenntun (sí- eða endurmenntun) og fræðslustarf lækna. Með tilkomu Fræðslustofnunar lækna er ætlunin að sú stofnun haldi utan um fræðslu- og menntunarmál lækna og sjái til þess að framboð á námskeiðum og möguleikar á minni fundum á vegum lækna eða hópum þeirra séu í boði.

Til að kanna hvernig fræðslu- og menntunarmálum lækna væri háttað og hvar áhugasvið þeirra lægi með tilliti til viðhaldsmenntunar hleypti Fræðslustofnun lækna af stokkunum könnun meðal lækna starfandi á Íslandi. Þeir lækna er svoruðu voru flestir sérfræðingar starfandi við sjúkrahús en svarhlutfall í könn-

uninni var lágt, eða einungis 33%, og endurspeglar það ef til vill hið almenna áhugaleysi er ríkir meðal lækna á fræðslu- og menntunarmálum stéttarinnar. Samkvæmt könnuninni verja lækna að meðaltali 11,74 klukkustundum í sjálfsnám á mánuði og verður það að teljast lítið enda einungis um hálf tími á virkum vinnudegi. Lækna kjósa hins vegar að verja meiri tíma til símenntunar samanber það, að 70% þeirra telja eðlilegt að verja að jafnaði þremur til sex stundum á viku í sjálfsnám og fundi. Könnunin sýndi að tölvunotkun er mikil meðal lækna og höfðu 76% þeirra aðgang að netinu á vinnustað en 65% aðgang heima og má telja næsta víst að um þessar rásir fari fræðslumál lækna í framtíðinni, enda er áhugi lækna mikill á öllu því er við kemur tölvum og margmiðlun.

Í könnuninni kom fram að flestum (90%) læknum þótti framboð á fræðslu á vinnustað vera hæfilegt eða of lítið, engir fræðslufundir voru á vinnustað 30% lækna og um 20% lækna sóttu ekki fundi, þrátt fyrir að þeir væru í boði. Helsta ástæða þess að lækna sækja ekki fundi er sú að þeir komast ekki frá. Lækna voru almennt á því að rétt væri að koma á formlegri skráningu viðhaldsmenntunar og töldu flestir að Fræðslustofnun lækna ætti að annast þá skráningarskyldu. Hvort könnunin gefi rétta mynd af viðhorfum lækna til fræðslu- og menntunarmála er erfitt að meta, en að því má leiða getum að þeir lækna sem á annað borð ástunda markvissa viðhaldsmenntun svari frekar könnun sem þessari og því séu þessi mál enn verr komin.

Ljóst er að huga þarf að fræðslu- og menntunarmálum lækna þar sem krafa um gæði stendur að þeim er veita og krafa um ástundun allra lækna, en þeir eru í aðalhlutverki. Hvað varðar menntun læknakandidata og deildarlækna, þurfa þeir aðilar sem menntunina veita, þá aðallega Háskólinn og stóru sjúkrahúsin í landinu, að samhæfa krafta sína og staðla kennsluna. Gera þarf kröfu til stjórnenda þess-

ara stofnana að þeir sjái til þess að sérfræðingar og lækna, sem að kennslunni koma, fái greitt fyrir hana. Kennsla og skipulag hennar er ekki eitthvað sem er hrist fram úr erminni hverju sinni, kennsla læknanema og lækna er gæðastarf sem tekur tíma í undirbúningi og framkvæmd. Fyrir það er eðlilegt að greiða.

Hvetja þarf lækna til sjálfsnáms sem er hornsteinn sámenntunar og tryggja þarf aðgengi lækna að fræðslutengdu efni en það hefur verið undir hælinn lagt hvort lækna hafi sótt þá fræðslu sem þeim hefur staðið til boða. Standa þarf vörð um gæði þeirrar fræðslu sem boðið er upp á og er Fræðslustofnun lækna vel til þess verkefnis fallin, í samstarfi við sérgreinarfélögin. Hugsanlega þarf að tengja ástundun launa-

legri umbun og má benda á í því samhengi að í kjarasamningum norskra lækna er beinlínis frátekinn tími á hverjum vinnudegi þar sem lækni ber að sinna viðhaldsmenntun. Ef vinnuveitandi lækna kemur þannig launalega að sámenntunarmálum þeirra, er eðlilegt að ástundun verði skráð og vottuð og taldi meirihluti (55%) lækna það best gert hjá Fræðslustofnun lækna, með ábendingum um hlutdeild sérgreinarfélaganna. Fræðslu- og menntunarmál lækna eru mikilvæg og látum það ekki sannast á okkur eins og einhver sagði „að aldrei hafa jafn margir komið jafn óskipulega að jafn litlu sem gagnast hefur jafn fáum“.

Hannes Petersen